



SNÓKALÖND – AFÞREYINGAR- OG FERÐAMANNASVÆÐI

FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

SKIPULAGSLÝSING - TILLAGA

09. JÚNÍ 2022

LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 1. MGR. 40. GREINAR SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010



HAFNARFJÖRÐUR

1	Inngangur	2
2	Aðdragandi, tilgangur og viðfangsefni	2
3	Staðhættir og upplýsingar	2
4	Skipulagsleg staða	3
4.1	Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025	3
4.2	Minjaskráning	4
5	Skipulagsferli	5
6	Kynning og samráð	5

1 Inngangur

Landslag ehf. vinnur fyrir Hafnarfjarðarbæ að gerð deiliskipulags sem nær yfir gömlu hraunnámuna við Snókalönd.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni. Allt skipulag fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

2 Aðdragandi, tilgangur og viðfangsefni

Árið 2019 fékk fyrirtækið Basecamp Iceland ehf. stöðuleyfi frá Hafnarfjarðarbæ til að kanna hvort forsendur væru fyrir uppbyggingu á aðstöðu til norðurljósa- og stjörnuskoðunar í gömlu hraunnámunum við Snókalönd. Uppbyggingu lauk fyrir árslok sama ár og svæðið þá tilbúið til móttöku viðskiptavina.

Aðsóknin í aðstöðuna var góð og eftir að starfsemi hófst varð ljóst að útivistarfólk á svæðinu hefur einnig áhuga á að nýta sér þjónustu á þessu svæði. Aukinn fjöldi notenda krefst frekari uppbyggingar innviða svæðisins. Við undirbúning að gerð deiliskipulagsins þarf að skoða hverjar áherslurnar eiga að vera innan svæðisins. Meta þarf hvort þjónusta eigi eingöngu þá sem hafa áhuga á norðurljósum og stjörnuskoðun eða hvort einnig eigi að þjónustu þá sem stunda útivist á svæðum í kring.

3 Staðhættir og upplýsingar

Deiliskipulagssvæðið er 15 ha að stærð og nær yfir gömlu hraunnámuna við Snókalönd sem staðsett er norðan Bláfjallavegar og austan Krýsuvíkurveggar. Nokkur mosagróður hefur vaxið upp á svæðinu eftir að námunni var lokað. Svæðið afmarkast af Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF5) í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Svæðið er innan Hverfisverndarsvæðis HVb5 Kapellu- og Óbrinnishólhraun en það svæði sem er þegar raskað er undanþegið hverfisvernd.



Mynd 1. Lofmynd af skipulagssvæðinu frá árinu 1999, rauð lína sýnir afmörkun skipulagssvæðisins.




Mynd 2. Lofmynd af skipulagssvæðinu frá árinu 2019, rauð lína sýnir afmörkun skipulagssvæðisins.

4 Skipulagsleg staða

4.1 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Áætlað deiliskipulag er í samræmi við gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025. Í aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF5). Allt svæðið er einnig undir hverfisvernd HVb5 *Kapellu- og Óbrinnishólakraun (bruni)* en í skilmálum hverfisverndarinnar er tekið fram að hverfisverndarákvæði nær til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum. Skipulagssvæðið er því ekki innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis. Utan vil skipulagssvæðið er landið flokkað sem óbyggð svæði.



Mynd 3. Staðsetning skipulagssvæðisins á aðalskipulagi, innan rauða hringins.

4.1.1 HVb5 Kapellu- og Óbrinnishólahraun (bruni)

Hraunin eru með þeim yngstu í Hafnarfirði og skilja sig greinilega frá öðrum þar sem þau eru úfin kargahraun með samfelldri mosabembu. Neðsti hluti hraunanna hefur þegar verið nýttur til efnisvinnslu og er ætlaður sem iðnaðarsvæði. Þá eru námur við Óbrinnishóla og í miðjum Undirhlíðum. Hverfisverndarákvæði nær til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður að frádregnum áætluðum byggingarsvæðum.

4.1.2 Óbyggð svæði

Undir þennan flokk falla svæði með útivistargildi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við útivist, öryggismál og fjarskipti. Ekki er gert ráð fyrir búsetu eða atvinnustarfsemi.

4.2 Minjaskráning

Byggðasafn Hafnarfjarðar (Atli Rúnarsson) skráði svæðið árið 2021, sjá skýrslu „Fornleifaskrá Hafnarfjarðar IX. Kaldársel og nágrenni“. Í skýrslunni kemur fram að engar minjar eru innan deiliskipulagssvæðis. Þær minjar sem næstar eru deiliskipulagssvæðinu eru í tæplega 300 metra fjarlægð frá næstu mörkum þess og því vel fyrir utan hið 15 metra friðhelga svæði.

5 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

<i>Júní 2022</i>	<p>Unnið að skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag. Þar koma m.a. fram áherslur við gerð deiliskipulags og upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.</p> <p>Eftir að lýsingin hefur verið afgreidd af skipulags- og byggingaráði og bæjarstjórn verður hún auglýst og mun skipulagslýsingin verða til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 og á heimasíðu sveitarfélagsins.</p>
<i>Ágúst- sept. 2022</i>	<p>Unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið í samráði við hagsmunaaðila, skipulags- og byggingaráð og skipulagsstjóra Hafnarfjarðar.</p> <p>Deiliskipulag fullmótað með skipulagsuppdrætti, greinargerð og skilmálum.</p>
<i>Október 2022</i>	<p>Forkynning deiliskipulagstillögu, deiliskipulag kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi skipulags- og byggingaráðs og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.</p>
<i>Okt.- nóv. 2022</i>	<p>Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.</p>
<i>Nóv.- des. 2022</i>	<p>Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi skipulags- og byggingaráðs ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.</p> <p>Tillaga að deiliskipulagi samþykkt í skipulags- og byggingaráði og bæjarstjórn.</p>
<i>Des.- jan. 2023</i>	<p>Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.</p>

6 Kynning og samráð

Vegna vinnu við deiliskipulag skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta með virku samráði gegnum allt skipulagsferlið.

Helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
 - Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun við upphaf vinnu við deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Vegagerðin
- Minjastofnun
- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.
- Stjórnumskoðunarfélag Seltjarnarness
- Viðeigandi nefndir og deildir Hafnarfjarðarbæjar

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun vera til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6 og á heimasíðu sveitarfélagsins. Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.